



Umhverfis- og heilbrigðisráð Reykjavíkur

Borgartún 12-14
108 REYKJAVÍK

Reykjavík, 12. september 2019

Svör við tillögu fulltrúa í ungmennaráði Kjalarness um aukna athygli og sorphirðu á grenndarstöðvum

Á fundi borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna þann 26.mars 2019 var lögð fram svohljóðandi tillaga Gabriels Smára Hermannsonar frá ungmennaráði Kjalarness: „*Lagt er til að borgarstjórn samþykki að veita grenndarstöðvum aukna athygli, gera úttekt á umhverfi og staðsetningu, skipuleggja svæði þeirra betur og auka tíðni sorphirðu*“.

Úttekt hefur verið gerð á staðsetningu og umhverfi grenndarstöðva sem m.a. fólst í greiningu á staðsetningu, endurnýjunarþörf og stöðu skipulagsmála. Umfang aðgerða og þörf er mismunandi milli staða. Endurgerð fyrstu stöðva verður boðin út í september 2019 og fyrirhugað að endurgerð þeirra klárast á árinu. Verkefninu verður áframhaldið á árinu 2020. Tíðni tæminga á grenndarstöðum er breytileg milli staða, og ræðst af notkun þeirra. Tíðnin er endurskoðuð þegar magn úrgangs eykst.

Virðingarfyllt

Friðrik Klingbeil Gunnarsson

Friðrik Klingbeil Gunnarsson

skrifstofa umhverfisgæða